

Lagt fyrir fund velferðarráðs 4.febrúar 2026

Fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um vistun barna í Bakkakoti á Suðurlandi

Óskað er eftir upplýsingum um hvort að börn hafi verið vistuð af Barnavernd Reykjavíkurborgar í Bakkakoti á Suðurlandi. Hafi það verið gert er óskað eftir upplýsingum um hvernig eftirliti með vistun barna í Bakkakoti var háttað.

Greinargerð:

Um árabíl voru börn vistuð í fóstri á Bakkakoti á Suðurlandi. Einstaklingar sem þar voru vistaðir sem börn hafa nú komið fram opinberlega og greint frá óviðunandi aðstæðum á bænum og andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi sbr. umfjöllun Kveiks frá 3. febrúar sl. Óskað er eftir upplýsingum um hvort að Barnavernd Reykjavíkurborgar vistaði börn í Bakkakoti. Hafi það gerst er óskað eftir upplýsingum um hvernig eftirliti var háttað.